



Unnur Skúladóttir er menntaður fiskifræðingur og frumkvöðull í rækjurannsóknnum við Ísland. Hún stundaði nám við fiskifræði í Glasgow og var í kjölfarið ráðin til Atvinnudeildar Háskóla Íslands, undanfara Hafrannsóknastofnunar, árið 1963.

Unnur tók þátt í rannsóknum Hafrannsóknarstofnunar á fyrstu árum gossins, meðal annars sem leiðangursstjóri árið 1964, þar sem sjávarlíf í kringum eyjuna var rannsakað, helst botndýr og þörungar- og dýrasvif. Í kjölfarið skrifaði hún grein í Surtsey. Research sem heitir „Report. on. the. marine. biological. survey. around. and. on. Surtsey“.

Unnur rifjaði í morgun upp sögu úr leiðangrinum 1964 þar sem farið var á skipinu María Júlía til sýnatöku. Veður var vont og tók skipstjórinn beygju áður en Unnur komst aftur eftir ganginum sem fyllti af sjó og hún fór næstum útbyrðis. Það bjargaði henni að ná að halda sér í handrið á ganginum. Unnur hefur því lagt töluvert undir fyrir framgang vísinda í Surtsey.

Unnur er stofnmeðlimur í Surtseyjarfélaginu frá árinu 1965 og hefur því verið meðlimur í félaginu í 60 ár ásamt því að sitja fjölda funda tengda skipulagningu rannsókna hjá félaginu.

Hún er vel að því komin að vera hér útnefnd heiðursfélagi Surtseyjarfélagsins.